

5. fundur samstarfsnefndar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 25. nóvember kl. 17 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson
- Gunnar Tryggvi Halldórsson (varamaður í stað Arnrúnar Báru Finnsdóttur)
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson
- Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf
- Jón Hrói Finnsson RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

1. Umhverfisakademía

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 1. og 2. fundar starfshóps um umhverfisakademíu á Húnavöllum og þær ræddar. Einar sagði vinnuna ganga vel.

2. Tillaga og álit samstarfsnefndar

Lögð fram uppfærð útgáfa álits samstarfsnefndar. Róbert fór yfir tillöguna og sagði frá þeim breytingum sem orðið hafa á skjölunum frá síðasta fundi. Einnig var farið yfir niðurstöður fjárhagsgreiningar sem ekki hefur verið kynnt áður.

Samþykkt að teknar verði saman upplýsingar um skuldir og eignir byggðasamlaga og hlutdeild sveitarfélaganna tveggja í þeim í tengslum við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaganna.

Einnig rætt um að halda áfram stuðningi við framhaldskólanemendur eins og gert er í Húnavatnshreppi. Setningu þess efnis var bætt í skjalið „Stöðugreining og forsendur tillögu samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps“.

Rætt um mannauðsmál í sameinuðu sveitarfélagi. Ákveðið að leggja til við undirbúningsnefnd að fenginn verði sérfræðingur til að fara yfir skipurit nýs sveitarfélags og meta þarfir þess fyrir stöður og starfsmenn, ef sameining verður samþykkt.

Ákveðið að bera saman launakjör nefndarmanna, sveitarstjórnarmanna og sveitarstjóra á milli sveitarfélaganna tveggja og við launakjör í sveitarfélögum af svipaðri stærðargráðu. Ráðgjöfum falið að taka saman upplýsingarnar.

3. Kynningarmál og almannatengsl

Lögð fram tillaga að kynningaráætlun og gerðar breytingar á skjalinu samkvæmt umræðum á fundinum. Ákveðið að leita að aðila á svæðinu til að sjá um kynningarstarf.

4. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður mánudaginn 13. desember kl. 17.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.